

BÍÓ

291. tbl. apríl 2018

# MVNDIR

mána



IF THEY **HEAR** YOU  
THEY **HUNT** YOU

EMILY BLUNT

JOHN KRASINSKI

A QUIET PLACE



 Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylytols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmii

 Borða  Drekka tyggja 

# GUDJOHNSEN



## ÖLL ÞÁTTARÖÐIN ER KOMIN

í Sjónvarp Símans Premium

Æskufélagarnir Eiður Smári og Sveppi rekja fótboltaferil  
Eiðs allt frá upphafsárunum í Breiðholtiinu. Þeir heimsækja  
mörg stærstu félagsliða heims og rifja upp skemmtilegar  
sögur af mögnuðum ferli.

ICELANDAIR 

 PÓSTURINN



## Útgefið í apríl

### DVD og BluRay

5.04.	Jumanji: Welcome to the Jungle	Sena	Gamanmynd	12 ára	10
5.04.	All the Money in the World	Myndform	Sannsgögulegt	16 ára	12
12.04.	Ronja ræningjadóttir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	17
19.04.	The Commuter	Myndform	Spennymynd	12 ára	21
26.04.	Pitch Perfect 3	Myndform	Gamanmynd	12 ára	25
26.04.	12 Strong	Myndform	Sannsgögulegt	16 ára	26

### VOD

5.04.	Jumanji: Welcome to the Jungle	Sena	Gamanmynd	12 ára	10
5.04.	All the Money in the World	Myndform	Sannsgögulegt	16 ára	12
6.04.	Brawl in Cell Block 99	S & V	Spennymynd	16 ára	14
6.04.	Skógarfjör	Myndform	Barnaefni	Leyfð	14
6.04.	24 Hours to Live	Myndform	Hasarmynd	16 ára	15
6.04.	A Ghost Story	S & V	Fantasía/drama	12 ára	15
12.04.	Svona er lífið	Sena	Gamanmynd	Leyfð	16
12.04.	Happy End	Sena	Gamandrama	9 ára	16
12.04.	Ronja ræningjadóttir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	17
13.04.	Robo-Dog	Myndform	Fjölskyldumynd	Leyfð	17
13.04.	A Tale of Love and Darkness	Myndform	Sannsgögulegt	12 ára	20
13.04.	The von Trapp Family: A Life of ...	Myndform	Sannsgögulegt	9 ára	20
16.04.	Star Wars: The Last Jedi	S & V	Ævintýri	12 ára	18
19.04.	The Commuter	Myndform	Spennymynd	12 ára	21
19.04.	Roman J. Israel, Esq.	Sena	Glæpadrama	12 ára	22
19.04.	Golden Exits	Sena	Drama	6 ára	22
20.04.	Demain tout commence	Myndform	Gamanmynd	9 ára	23
20.04.	Simon	Myndform	Barnaefni	Leyfð	23
26.04.	Ferdinand	S & V	Teiknimynd	Leyfð	24
26.04.	Pitch Perfect 3	Myndform	Gamanmynd	12 ára	25
26.04.	12 Strong	Myndform	Sannsgögulegt	16 ára	26
26.04.	Breakable You	Sena	Gamandrama	12 ára	27
26.04.	Ice Girls	Sena	Fjölskyldumynd	Leyfð	27
27.04.	The Rider	Myndform	Sönn saga	9 ára	28
27.04.	Mói	Myndform	Barnaefni	Leyfð	28
30.04.	Father Figures	S & V	Gamanmynd	12 ára	29

### Tölvuleikir

17.04.	Yakuza 6: The Song of Life	Sena	Hasarleikur	16+	32
20.04.	God of War	Sena	Hasarleikur	18+	33



## MYNDIR MÁNAÐARINS

291. tbl. apríl 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja


Upplag: 21.000 eintök

**THE COMMUTER**  
Á DVD OG VOD Í APRÍL

**19. apríl**

**LIAM NEESON**  
**THE COMMUTER**  
LÍF HANS HANDBY Á LINGVI

**MYNDFORM**



# TVENNU TILBOÐ

ÞÚ SÆKIR PIZZU OG STÓRAN SKAMMT AF BRAUÐSTÖNGUM EÐA GOTT  
AÐ EIGIN VALI OG FÆRÐ AÐRA PIZZU SÖMU STÆRÐAR AÐ AUKI.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS

# Stjörnuspá mánaðarins



## Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Þú finnur fyrir vaxandi þrýstingi í hægri sköflungnum sem bendir til að þú þurfir að fá þér ný gleraugu. Mundu eftir að gera nokkur góðverk á leiðinni heim aftur.



## Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Þú tekur ákvörðun um að standa alveg hreyfingarlaus í a.m.k. fimm mínútur á hverjum degi á milli klukkan sex og sjö. Þetta á ekki eftir að skila þér einu né neinu.



## Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Allir sem fæddir eru í hrútsmerkinu eru sérlega lagnir við sútnun, vissirðu það? Taktu þátt í að telja niður dagana þar til nýja dún- og fiðurhreinsunin opnar aftur í október.



## Nautið 20. apríl - 20. maí

Reyndu að taka því rólega fyrri hluta mánaðarins og sleppa öllum æsingi til tilbreytingar. Prófaðu til dæmis að safna hnakkaspiki svo lítið beri á, helst í tvær fellingar.



## Tviburarnir 21. maí - 21. júní

Þú leggur saman tvo og tvo, bætir við fimm, margfaldar með sjö, dregur þrjá frá og færð út sextíu og tvo enda hefurðu aldrei verið sleip(ur) í reikningi. Borðaðu meira af lifur.



## Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Þeir sem eru að íhuga að snúa við blaðinu ættu að hætta við það áður en illa fer. Lestu frekar aftur eitt-hvað sem þú hefur lesið áður, því þú hefur ábyggilega misskilið það.



## Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Þér líður dálítið eins og linsoðnu eggji og þá erum við að meina rauðuna eftir að hún er búin að sullast niður hjá einhverjum sem vissi ekki að eggjið var linsoðið.



## Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Það gerist ekki margt spennandi hjá þér á næstunni fyrir utan að ljósið í ísskápnum slokknar. Einhver sem þú þekkir ekki neitt vinnur nokkra tugi milljóna í lottóinu.



## Vogin 23. sept. - 23. okt.

Það sést óvenjuskýrt í stjörnunum að þessu sinni hvað gerist í þínu lífi á næstunni en því miður er plássið hér of lítið til að fara yfir það allt. Það gengur vonandi betur næst.



## Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Þú ert sem fyrr spólandi í sömu förunum og síðast og þar síðast og þarft alveg nauðsynlega að fá lánað gúmmíteppi hjá einhverjum áður en það verður orðið of seint.



## Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Það er strekkingsvindur í kortunum hjá bogmönnum á næstunni, sérstaklega þeim sem búa nálægt göngum eða gaddavirgirdingum. Hjá öðrum verður meira svona rok.



## Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Apríl verður mjög rómantískur og ánægjulegur mánuður hjá öllum sem fæddir eru í steingeitinni og eiga heima í Tindafelli. Fáðu þér nýjar perur og sjáðu allt í nýju ljósi.

## Minningar mánaðarins



Þremur árum eftir skilnaðinn þegar Dany ákvað að framleiða myndina *Snitch* sem Dwayne lék aðalhlutverkið í. Samstarf þeirra gekk mjög vel og eftir að hafa lokið við samningsbundna framleiðslu á sjónvarpsseríunum *Wake Up Call* og *Clash of the Corps* varð Dany ein af aðalframleiðendum myndanna *Baywatch* og *Jumanji: Welcome to the Jungle* sem Dwayne lék aðalhlutverkin í eins og flestir vita. Og samstarfið hefur blómstrað enn frekar því Dany framleiðir og mun framleiða næstu myndir Dwaynes, t.d. *Rampage* (sem er einmitt frumsýnd núna í apríl), *Big Trouble in Little China*, *Jumanji 2*, *Skyscraper*, *Fighting with My Family* og *Red Notice*, en þær eru allar væntanlegar í bíó þessu ári. Það má því með sanni segja að þau Dwayne og Dani hafi fundið ástina á ný, bara á öðru sviði. Þess má geta að Dwayne og eiginmaður Dany í dag, Dave Renzi, eru bestu vinir en Dave er einn af aðalaðstoðarmönnum hans.



Það eru liðin átta ár síðan skoska leikkonan Karen Gillan skaut upp á stjörnuhimin þreskra sjónvarpsþátta þegar hún birtist fyrst á skjám landsmanna sem Amy



Pond í hinum vinsælu þáttum um tímaferðalanginn dr. Who. Karen, sem þá var 22 ára, var nánast óþekkt en henni hafði áður tekist að landa smáhlutverki í einum þættinum sem síðan leiddi til þess að hún kom til greina í aðalhlutverki þegar skipt var um aðalleikkonu árið 2009. Hún lék síðan Amy Pond í 36 þáttum og hefur síðan gert það gott í ýmsum myndum, þar á meðal sem Nebula í *Guardian of the Galaxy*-myndunum og núna síðast sem Martha í *Jumanji: Welcome to the Jungle*. Þess má geta að hún mun leika Nebulu á ný í næstu tveimur *Avengers*-myndum, *Infinity War* og þeirri sem frumsýnd verður að ári en hefur ekki enn hlotið nafn.

Þann 3. apríl eru liðin nákvæmlega 50 ár frá því að tvær af merkustu vísindaskáldsögum kvikmyndasögunnar voru frumsýndar í bandarískum kvikmyndahúsum, þ.e. *2001: A Space Odyssey* eftir Stanley Kubrick og *Planet of the Apes* eftir Franklin J. Schaffner. Báðar þóttu þessar myndir og þykja enn tímamótaverk, hvor á sínu sviði, ekki síst hvað varðar tæknibrellur og förðun enda hlaut sú fyrrnefnda Óskarsverðlaunin fyrir brellurnar og *Apaplánetan*



sömu verðlaun fyrir förðun. Var það reyndar í fyrsta sinn sem Óskarin var veittur í síðarnefnda flokknum. Myndirnar urðu líka á meðal vinsælustu mynda ársins í Bandaríkjunum og víðar, *2001: A Space Odyssey* í fyrsta sæti og *Apaplánetan* í því níunda. Og fyrst við minnumst á það má nefna að hinar átta myndirnar á topp tíu-vinsældalistanum árið 1968, myndir sem eru fimmtugar á þessu ári, eru í rétttri röð: *Funny Girl*, *The Love Bug*, *The Odd Couple*, *Bullitt*, *Romeo and Juliet*, *Oliver!*, *Rosemary's Baby* og *Night of the Living Dead*, en tvær þær síðastnefndu má líka flokka sem tímamótaverk á sviði hrollvekja.




Þann 4. apríl hefði Heath Ledger orðið 39 ára ef hann hefði lifað en tíu ár eru nú liðin frá dauða hans. Heath er enn eini leikarinn í sögunni sem hefur hlotið Óskarsverðlaunin eftir dauða sinn.

**ÞÚ ERT  
EKKI  
ÞÚ ÞEGAR  
ÞÚ ERT  
SVANGUR**




**ER MÁLIÐ!**




Það er gott að skapa sér nafn og vera mikilvægur. En það er enn betra að vera góðhjartaður. Þetta sagði einn vinur minn við mig þegar við vorum 15 ára og einhvern veginn varð þetta að ákveðnum áttavita í mínu lífi.

- Dwayne Johnson.



Michael Haneke, ég elska allar hans myndir. Geturðu ekki komið þeim skilaboðum til hans?

- Karen Gillan, spurð hvaða leikstjóra hún myndi helst vilja vinna með ef hún mætti ráða.



Ég man það ekki. Mig minnir að það hafi verið vegna þess að mér leist ekkert á að vera fjögur ár á Nýja-Sjálandi.

- Christopher Plummer, spurður að því hvers vegna hann hafnaði hlutverki Gandalfs á sínum tíma.



Mér finnst óþægilegt að tala um leiklist. Fyrir mér er leiklistin svo persónuleg reynsla að þegar ég tala um hana finnst mér eins og ég sé að tala um persónuleg mál-efni. Mér finnst óþægilegt að tala opinberlega um mín persónulegu málefni og þess vegna finnst mér óþægilegt að tala um leiklist.

- Michelle Williams.




Veistu, ég bara vil ekki vera með svona tæki á mér sem hefur engan tilgang annan en að trufla mann.

- Vince Vaughn, sem á ekki farsíma.



Hmmm ... ætli minn mesti kostur sé ekki að ég hef úthald. Ég gefst ekki upp fyrr en í fulla hnefana og ég hef aldrei tekið að mér verkefni sem ég hef ekki lokið við.

- Lupita Nyong'o, spurð um sinn helsta kost að eigin mati.



Ég hef aldrei litið á það sem ég geri og hef gert sem list. Mér finnst bara gaman að gera þessa hluti og er í raun bara að skemmta mér. Svo vona ég að aðrir geti skemmt sér yfir því líka. Hvort þetta sé list læt ég aðra um að ákveða fyrir sig.

- Frank Oz, sem talar fyrir Yoda og talaði líka t.d. fyrir þrúðuleikarana Svínku, Fossa björn, Dýra og Grover auk þess að leikstýra myndum eins og *Death at a Funeral*, *Bowfinger*, *Dirty Rotten Scoundrels* og *Little Shop of Horrors*.



Tækifærin eru alls staðar en árangurinn kemur ekki strax. Hann kemur smám saman ... safnast upp.

- Vera Farmiga.



Ég efast um að til sé starf sem býður upp á jafnmikla eftirsjá og starf leikarans. Eftir því sem starfsævin lengist hrúgast upp svona „ef ég hefði bara“- hugsanir sem geta orðið niðurdrepanði. Þess vegna reynir maður að horfa fram á við en helst ekki í bak-sýnisspegilinn. Hann skilar engu.

- Elizabeth McGovern.



Það sem hélt mér við efnið var að mér fannst gaman reyna að setja nýtt met á hverjum degi. Ég skræði niður allan minn árangur og fékk síðan mikið út úr því að bæta hann. Svo bara gat ég ekki hætt.

- John Cena, spurður út í upphafsár sín í líkamsræktinni.




Það sem skiptir öllu máli til að brandari verði fyndinn er að í honum séu nokkur sannleikskorn sem fólk þekkir af eigin reynslu.

- Michael Peña, sem á það til að koma fram sem uppstandsgrínisti.



Sá sem fer og vinnur með Jerry Bruckheimer má vera alveg viss um eitt: Maturinn verður góður.

- William Fichtner.



Menntaða svarið við þessari spurningu er leikur Daniels Day-Lewis í *In the Name of the Father*. Það var hreinasta opinberun fyrir mig. Upphaflega svarið er hins vegar lokaatriðið í myndinni *Life With Mickey*. Ég fylltist óendanlegri þrá að komast í spor stelpunnar sem söng loka lagið.

- Anna Kendrick, spurð hvað hefði haft mest áhrif á að hún ákvað að leggja leiklistina fyrir sig.



Ég þekki ekki strögglið. Ég útskrifaðist úr Julliard á föstudegi og á mánudegi var ég mættur í vinnu við að leika á móti Kevin Kline í Ríkharði þriðja eftir Shakespeare. Ég hef aldrei orðið atvinnulaus.

- Ving Rhames.



Já, já, marga. Uppáhaldið mitt er hnifurinn úr *Fatal Attraction*. Hann hangir uppi á vegg í eldhúsinu mínu og ég nota hann stundum til að hræða gesti.

- Glenn Close, spurð hvort hún eigi minjagripni úr myndum sínum.



Það er ágætt að vera virt og þekkt. En það er ekki mikilvægt.

- Natalie Portman, um frægðina.



# Alpen®

Bragðgóð blanda af því besta sem náttúran hefur upp á að bjóða



Ertu að leita að hentugu og bragðgóðu millimáli?

Alpen stangir innihalda m.a. *safaríkar* rúsínur, mjúka hafra, *brakandi* heslihnetur og möndlur og eru skreyttar með dásamlegu súkkulaði.

**Fullkomið millimál!**




## Jumanji: Welcome to the Jungle

Gamanmynd / Ævintýri



**Aðalhlutverk:** Dwayne Johnson, Jack Black, Kevin Hart, Karen Gillan, Bobby Cannavale, Alex Wolff, Tim Matheson og Nick Jonas  
**Leikstjórn:** Jake Kasdan **Útgefandi:** Sena

5. apríl



Fjórmenningarnir lenda í ýmsum vandræðum í Jumanji-leiknum.

### Veistu svarið?

Þetta er í annað sinn á tiltölulega skömmum tíma sem þeir Dwayne Johnson og Kevin Hart leika saman en það gerðu þeir einnig í gamanmynd sem var frumsýnd í júní 2016 og var leikstýrt af Rawson Marshall Thurber. Hvaða mynd var það?



Central Intelligence

## Lifðu þig inn í leikinn

Þegar þau Spencer, Bethany, Fridge og Martha eru látin sitja eftir í skólanum rekast þau á gamla leikjatölvu í kjallaranum og leik sem þau hafa aldrei heyrt minnst á áður, Jumanji. Þau ákveða að prófa að spila – og sogast bókstaflega inn í leikinn.

Grín- og ævintýramyndin *Jumanji: Welcome to the Jungle* er lafluft og myndin skemmtun og kjörin afþreying fyrir þá sem vilja sjá hressandi farsa. Þetta er sjálfstætt framhald myndarinnar *Jumanji* frá árinu 1995 sem var aftur byggð á samnefndri bók rithöfundarins Chris Van Allsburg. Í henni var Jumanji borðspil en hefur hér þróast yfir í að vera tölvuleikur með þá stórfurðulegu hliðarverkun að um leið og spilendur byrja að spila hverfa þeir bókstaflega inn í tölvuna og leikinn og breytast í karakterana sem þeir spila með.

Eftir að þau Spencer, Bethany, Fridge og Martha átta sig á hvað hefur gerst og komast yfir mesta áfallið og undrunina yfir því að vera komin inn í leikinn uppgötva þau að eina leiðin fyrir þau að snúa aftur til raunveruleikans er að sigrast á andstæðingum sínum í leiknum og forðast að verða drepinn af einhverju af villtu dýrunum sem eru úti um allt í hinri risastóru og ævintýrlegu opnu Jumanji-veröld – áður en þau klára lífin þrjú sem þau hafa úr að spila!



Nick Jonas leikur hinn dularfulla bjargvætt Alex, en í aðalhlutverkunum fjórum eru Dwayne Johnson, Karen Gillan, Jack Black og Kevin Hart.

## Punktar .....

- ★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *Screen Intern.*
- ★★★★1/2 - *Washington Post* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com*
- ★★★★1/2 - *H.Reporter* ★★★★★1/2 - *Time* ★★★★★1/2 - *TheWrap*

- Eins og kemur fram hér fyrir ofan er þessi mynd sjálfstætt framhald af *Jumanji* frá árinu 1995 en í henni fór Robin Williams heitinn með stærsta hlutverkið ásamt þeim Kirsten Dunst og Jonathan Hyde. Í henni hafði karakter Robins, Alan Parrish, fest inni í leiknum og í nýju myndinni má sjá skýrar vísbendingar um veru hans í honum, Robin til heiðurs og til minningar um þann frábæra leikara.
- Leikstjóri myndarinnar er Jake Kasdan sem sló í gegn ungur að árum árið 1998 með myndinni *Zero Effect* og hefur síðan m.a. gert myndirnar *Orange County*, *Bad Teacher* og núna síðast *Sex Tape*.
- Sá hluti myndarinnar sem gerist í raunheimum gerist í sama bæ og fyrri myndin, þ.e. í Bratford í New Hampshire.



# GOD OF WAR




TRYGGÐU  
ÞÉR EINTAK  
Á ELKO.IS

LENDIR 20. APRÍL

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS





## All the Money in the World

Sannsóglegt



**Aðalhlutverk:** Mark Wahlberg, Michelle Williams, Christopher Plummer, Charlie Plummer, Romain Duris, Charlie Shotwell, Timothy Hutton, Andrew Buchan og Giuseppe Bonifati **Leikstjórn:** Ridley Scott **Útgefandi:** Myndform


5. apríl



Christopher Plummer leikur auðjöfurinn John Paul Getty sem neitaði staðfastlega að greiða lausnargjaldið fyrir sonarson sinn.

### Veistu svarið?

Sá sem leikur John Paul Getty III, Charlie Plummer (ekki skyldur Christopher Plummer), vakti fyrst verulega athygli í þekktum sjónvarpsþáttum þar sem hann lék m.a. á móti Steve Buscemi og Kelly Macdonald. Hvaða þáttum?



Boardwalk Empire

## Peningana eða lífið

*All the Money in the World* er nýjasta mynd Ridley Scott og fjallar um þann fræga atburð í júlí árið 1973 þegar alnafna og sonarsyni ríkasta manns heims á þeim tíma, John Paul Getty III, var rænt í Róm og afi hans neitaði að greiða lausnargjaldið.

Ránið á hinum 16 ára gamla John Paul Getty III vakti heimsathygli á sínum tíma en eftir að lausnargjaldskrafa upp á 17 milljónir dollara barst fjölskyldu hans komst sá kvittur á kreik að ungi maðurinn hefði sjálfur sett mannránið á svið til að kúga fé út úr hinum forrika afa sínum. Sá harðneitaði hins vegar að borga, jafnvel eftir að ljóst var orðið að John var í raun í haldi Ndrangheta-glæpasamtakanna sem þá voru alræmdustu og völdugustu glæpasamtök Ítalíu fyrir utan Sikileyjar-mafíuna. Við tók margra mánaða árangurslaus barátta móður Johns við að frelsa hann. Í nóvember sama ár skáru mannræningjarnir af honum annað eyrað og sendu það í pósti til fjölmiðils ásamt orðsendingu um að þeir myndu þaðan í frá, á tíu daga fresti, skera af honum fleiri líkamshluta uns lausnargjaldið bærisk eða hann dæi af sárnum sínum.

Óhætt er að segja að allur heimurinn hafi síðan fylgst með framvindunni næstu vikur sem varð vægast sagt æsispennandi en af tillitssemi við þá sem þekkja ekki söguna og vilja upplifa spennuna þegar myndin kemur út þá segjum við ekki meira um hana hér.




Michelle Williams leikur móður Johns Paul Getty III, Gail Harris, og Mark Wahlberg leikur Fletcher Chase sem gætti hagsmuna hins forrika Johns Paul Getty en snerist síðan á sveif með Gail eftir því sem tíminn leið.

## Punktar .....

- ★★★★★ - *S. F. Chronicle* ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter*
- ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times*
- ★★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★ - *TheWrap* ★★★★★ - *E. Weekly*
- ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *L.A. Times*
- ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Time Out*

• *All the Money in the World* er byggð á bók eftir John Pearson sem kom út árið 1995 og heitir *Painfully Rich: The Outrageous Fortunes and Misfortunes of the Heirs of J. Paul Getty*.



• Myndin var tilnefnd til þrenna Golden Globe-verðlauna, fyrir bestu leikstjórn (Ridley Scott), fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna (Michelle Williams) og fyrir besta leik í aukahlutverki karla (Christopher Plummer) en Christopher Plummer var einnig tilnefndur fyrir hlutverkið til BAFTA- og Óskarsverðlauna enda frábær sem hinn aldni John Paul Getty.

• Christopher Plummer er nánast á sama aldri og John Paul Getty var þegar atburðirnir í myndinni gerast, þ.e. rúmlega áttræður, en John Paul lést skömmu síðar, þ.e. 6. júní 1976, 83 ára að aldri.




# Er maginnn í steik?


## Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

**20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki**

Omeprazol Actavis, 20 mg magasýrupolin hörð hylki, innihalda virka efnið ómeprazol sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhemlar“ og verka með því að draga úr sýruframleiðslu magans. Omeprazol Actavis er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Lyfið er ætlað til inntöku og er mælt með því að hylkin séu tekin að morgni, fyrir máltíð (svo sem morgunverð) eða á fastandi maga. Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni. Hylkin má hvorki tyggja né mylja. Þetta er vegna þess að hylkin innihalda húðuð korn sem hindra niðurbrot lyfsins í magasýrunni. Mikilvægt er að skemma ekki kornin. Ráðlagður skammtur er eitt 20 mg hylki eða tvö 10 mg hylki einu sinni á sólarhring í 14 daga. Hafðu samband við lækni ef einkennin hafa ekki horfið á þessum tíma. Nauðsynlegt getur verið að taka hylkin í 2-3 daga samfelld áður en einkennin réna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)





## Brawl in Cell Block 99

Allar ákvarðanir hafa afleiðingar

*Brawl in Cell Block 99* er önnur mynd leikstjórans S. Craig Zahler sem gerði vestrá-tryllinn *Bone Tomahawk* árið 2015 og snýr hér aftur með sína útgáfu af harðhausamynd í anda margra af vinsælustu b-mynda áttunda áratugar síðustu aldar þegar t.d. Clint Eastwood og Charles Bronson áttu sviðið.

Aðalpersóna myndarinnar er Bradley Thomas, fyrrverandi hnefaleikamaður sem starfaði eitt sinn fyrir eiturfjakónginn Eleazar og neyðist til að snúa til hans aftur þegar honum er sagt upp á bifreiðaverkstæðinu sem hann vinnur hjá. Í þetta sinn er Bradley hins vegar ekki eins heppinn og í fyrra skiptið og eftir að hann er gómaður við eiturfjasmýgl er hann dæmdur til sjö ára fangelsisvistar. Þar uppgötvar hann að það var í raun engin tilviljun að löggan náði honum ...

### Punktur .....

★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com*  
★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Variety*

- Vince Vaughn, sem var enginn aukvisi fyrir, æfði líkamsrækt og hnefaleika stanslaust í þrjá mánuði fyrir gerð myndarinnar og bætti á sig átta kílóum af vöðvum. Óhætt er að segja að persónan sem hann leikur í myndinni, Bradley Thomas, noti þá mikið!

- Í einu atriði myndarinnar rústar Bradley Thomas til dæmis bíl með berum höndunum. Þótt hlutunum hafi verið komið þannig fyrir að Vince meiddi sig ekki alvarlega við tókur á þessu atriði þá gerði hann þetta í raun, þ.e. hann mólvaði og reif bílinn í sundur með hendurnar einar að vopni.



Vince Vaughn hefur fengið frábæra dóma fyrir leik sinn í *Brawl in Cell Block 99*, svo og myndin sjálf.



Aðalhl.: Vince Vaughn, Jennifer Carpenter, Don Johnson og Udo Kier **Leikstj.:** S. Craig Zahler **Útg.:** Síminn og Vodafone

Spennymynd / Drama

6. apríl



## Skógarfjör

Hvað eru dýrin að bralla?

Stórskemmtilegar fimm mínútna teiknimyndir um alls konar dýr, bæði stór og smá, og kostuleg ævintýrin sem þau lenda í á hverjum einasta degi.

*Skógarfjör*s-þættirnir eru fullir af fjöri frá upphafi til enda, en þeir innihalda ekkert mannamál heldur eingöngu umhverfis- og dýrahljóð og dálítið af tónlist þegar það á við. Þættirnir, sem hafa verið sýndir á vinsælustu barnasjónvarpsstöðvunum, eiga það líka sameiginlegt að vera einstaklega jákvæðir, upplifgandi og saklausir en samt innihalda þeir hæfilega spennu fyrir yngstu áhorfendurna. Alls hafa verið gerðir 39 þættir og hér koma út þættir 27–39.



Teiknimyndir um dýr sem taka upp á ýmsu óvenjulegu **Leikstjórn:** J.D. Dillard **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

6. apríl



## 24 Hours to Live

Kapplaup við tímann

Segja má að CIA-leyniþjónustumaðurinn Travis Conrad hafi fórnað öllu, bæði fjölskyldu sinni og eigin lífi, fyrir ættjörðina. En það er ein fórn eftir!

24 Hours to Live er hasarmynd sem líkt hefur verið við John Wick-myndirnar enda er hasarinn svo að segja stanslaus frá upphafi til enda. Um leið er sagan krydduð með vísindaskáldskap enda er aðalpersónan, Travis Conrad, dauður í upphafi myndarinnar eftir að hafa fórnað öllu fyrir starf sitt. Á einhvern dularfullan hátt er hann lífgaður við og á úlnlið hans er komin klukka sem telur niður þá 24 klukkutíma sem honum hafa verið gefnir til að ... ja, gera hvað? Um það veit Travis í raun ekkert til að byrja með frekar en áhorfendur. Það eina sem hann veit er að eiginkona hans og sonur eru dáið og fyrir dauða þeirra vill hann hefna, svo og sinn eigin dauða. En hver ber ábyrgð á því að hann var lífgaður við og til hvers ætlast sá af honum?



Ethan Hawke leikur CIA-manninn Travis Conrad sem eftir að hafa látið lífið við skyldustörf er lífgaður við og gefnar 24 klukkustundir til að hefna ófara sinna.



Aðalhlutv.: Ethan Hawke, Rutger Hauer, Qing Xu og Paul Anderson **Leikstjórn:** Brian Smrz **Útg.:** Myndform

Hasar

6. apríl



## A Ghost Story

Lífið frá sjónarhóli hins látna

Líf ungra hjóna sem komið hafa sér upp heimili í Dallas breytist að eilífu þegar eiginmaðurinn deyr í bílslysi. En þar með er saga hans rétt að byrja.

A Ghost Story er afar sérstök mynd svo ekki sé meira sagt. Þetta er draugasaga en í þetta sinn er hún sögð frá sjónarhóli vofu hins látna sem fær tækifæri til að stíga inn í „ljósið“ eftir dauða sinn en hafnar því og gerist í staðinn draugur í húsinu sem hann bjó í þegar hann lést. Þar fylgist hann með ekkju sinni glíma við sorgina og söknuðinn og hvernig hún smám saman nær áttum á ný. En hvað svo?

**Punktar** .....

★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Chicago Tribune*  
 ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *USA Today*  
 ★★★★★1/2 - *Indiewire* ★★★★★1/2 - *Screen* ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter*  
 ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *The Guardian*

• A Ghost Story hefur fengið toppdóma allra virtustu gagnrýnendanna á Metacritic þar sem hún er með 8,4 í meðaleinkunn.

• Myndin hefur einnig hlotið fjölmörg verðlaun á kvikmyndahátíðum beggja vegna Atlantshafsins og samtök gagnrýnenda í Bandaríkjunum útnefndu hana eina af tíu bestu óháðu myndum ársins 2017

• Þetta er í annað skipti sem þau Casey Affleck og Rooney Mara leika aðalhlutverkin í mynd eftir David Lowery því það gerðu þau einnig í mynd hans *Ain't Them Bodies Saints* sem var frumsýnd 2013.



Casey Affleck og Rooney Mara fara með aðalhlutverkin í A Ghost Story.



Aðalhl.: Casey Affleck, Rooney Mara, McColm Cephas Jr. og Kesha **Leikstj.:** David Lowery **Útg.:** Síminn og Vodafone

Fantásía / Drama

6. apríl

Frá þeim sömu og gerðu Intouchables



**Aðalhl.:** Jean-Pierre Bacri, Jean-Paul Rouve og Gilles Lellouche **Leikstj.:** Nakache og Toledano **Útg.:** Sena

**Gamanmynd**

**12. apríl**

## Svona er lífið (C'est la vie!)

Ekkert er klappað og klárt

*Svona er lífið* er eftir þá Olivier Nakache og Eric Toledano sem slógu hressilega í gegn árið 2012 með hinn einstöku mynd sinni *Intouchables* þar sem þeir François Cluzet og Omar Sy fóru á kostum sem hinn lamaði Philippe og aðstoðarmaður hans, Driss.

*Svona er lífið* gefur *Intouchables* ekkert eftir í þeim húmor og skemmtilegheitum sem Frökkum er einum lagið að galdra fram en hún segir í stuttu máli frá Max Angély sem hefur langa reynslu að baki við skipulagningu alls kyns gleðskapar. Í þetta sinn hefur hann tekið að sér að sjá um veisluna í brúðkaupi sem á að halda á 18. aldar óðalssetri og skal ekkert til sparað til að gera hana sem glæsilegasta og skemmtilegasta fyrir gestina. Við fylgjumst síðan með Max og starfsfólki hans undirbúa veisluna og að sjálfsgöðu fer allt úrskaiðis, Max og hans fólki til mikillar mæðu á meðan áhorfendur hlæja sig máttlausa ...

### Punktur .....

- *Svona er lífið* var opnunarmynd Frönsku kvikmyndahátíðarinnar í janúar.



Jean-Pierre Bacri leikur veislustjórann Max Angély í þessari þrælmyndu gamanmynd.

## Happy End

„Veröldin er allt í kring og við í miðjunni, og sjáum ekkert.“

Í þessari nýjustu mynd meistaraleikstjórans Michaels Haneke býður hann okkur í heimsókn til hinnar auðugu Laurent-fjölskyldu sem er saman komin ásamt vinum til að fagna 85 afmælisdegi ættföðurins Georges Laurent.

*Happy End*, sem var ein af myndum Frönsku kvikmyndahátíðarinnar í janúar sl., er fyrir þá sem kunna að meta evrópska kvikmyndagerð eins og hún gerist best. Á yfirborðinu virðist Laurent-fjölskyldan hafa það gott en undir niðri krauma alls konar mál sem Michael kryddar með sinni einstöku kímni og beittri kaldhæðni ...

### Punktur .....

★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Empire*

- Þetta er í annað sinn sem þau Isabelle Huppert og Jean-Louis Trintignant leika saman í mynd eftir Michael Haneke en þau léku einmitt líka feðgin í mynd hans, *Amour*, árið 2012, en hún hlaut Óskarsverðlaunin sem besta erlenda mynd ársins og var Haneke einnig tilnefndur fyrir leikstjórnina og handrit þeirrar frábæru myndar.

- *Happy End* var tilnefnd til Gullpálmans í Cannes fyrir leikstjórn Michaels Haneke og til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna fyrir leik þeirra Isabelle Huppert og Jean-Louis Trintignant í aðalhlutverkum kvenna og karla. Myndin var þess utan framlag Austurríkis til Óskarsverðlauna í ár sem besta erlenda myndin.



Það er óhætt að segja að Laurent-fjölskyldan er ekki öll þar sem hún er séð.



**Aðalhlutverk:** Isabelle Huppert, Jean-Louis Trintignant og Mathieu Kassovitz **Leikstj.:** Michael Haneke **Útg.:** Sena

**Gamandrama**

**12. apríl**



## Ronja ræningjadóttir

Ævintýrið um Ronju í nýjum búningi

Þessi 26-þátta teiknimyndasería, sem byggð er á hinni víðfrægu og ástsælu bók Astridar Lindgren, hefur verið sýnd á RÚV og er eftir japanska listamanninn Gorô Miyazaki, son Hayaos Miyazaki sem gerði m.a. *Spirited Away* og *Princess Mononoke*.

Ævintýrið um Ronju ræningjadóttur kom út árið 1981 og skipaði sér þegar í flokk með bestu bókum Astridar Lindgren, þ. á m. bókunum um Línu langsokk og Emil í Kattholti. Sagan er um hana Ronju sem elst upp í ræningjakastala á miðöldum í Svíþjóð. Hún verður fljótlega mjög forvitin um umhverfi sitt og lendir í ýmsum ævintýrum í skóglendinu umhverfis kastalann þar sem alls kyns kynjaverur hafast við. Þegar hún síðan kynnist jafnaldra sínum, strák, sem reynist sonur svarinna andstæðinga foreldra hennar breytist allt ...

Þessi útgáfa, sem kemur út bæði á DVD-diskum og á VOD-leigunum 12. apríl, inniheldur fyrstu fjóra þættina sem hver fyrir sig er um 25 mínútur að lengd.



Teiknimyndir með íslensku tali um ævintýri Ronju ræningjadóttur **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

12. apríl



## Robo-Dog

Enginn venjulegur hundur!

Þegar hundur hins unga Tylers deyr ákveður faðir hans, sem er snjall uppfinningamaður, að smíða handa honum vélhund sem getur ekki bara skilið og talað mannamál heldur er að auki gæddur ýmsum óvæntum hæfileikum.

Fjölskyldumyndin *Robo-Dog* er ærslafullur og fjörugur farsí frá upphafi til enda sem mun a.m.k. fá yngri áhorfendur til að skella upp úr nokkrum sinnum.

Grunnurinn að því að faðir Tylers, Tom Austin, getur smíðað vélhundinn er ný tegund af orkugjöfum sem hann hefur fundið upp og er mörgum sinnum kraftmeiri en venjulegar rafhlöður. Fyrir utan að gera vélhundinum kleift að tala gæðir þessi ný orkugjafi hann alls konar ofurkröftum og miklum hraða. En þegar gráðugur auðjöfur uppgötvar vélhundinn skipar hann sínum mönnum að færa sér hann, hvað sem það kann að kosta. Það reynist hins vegar hægara sagt en gert ...



Aðalhlutverk: Michael Campion, Patrick Muldoon og Olivia d'Abo **Leikstjórn:** Jason Murphy **Útg.:** Myndform

Fjölskyldumynd

13. apríl



Hinn nýi vélhundur Austin-fjölskyldunnar á eftir að reynast hið mesta þarfabing.



Star Wars: The Last Jedi

Ævintýri



**Aðalhlutverk:** Daisy Ridley, John Boyega, Mark Hamill, Adam Driver, Oscar Isaac, Domhnall Gleeson, Andy Serkis, Carrie Fisher, Kelly Marie Tran og Gwendoline Christie **Leikstjórn:** Rian Johnson  
**Útgefandi:** Síminn og Vodafone

16. apríl



Rey ásamt Luke Skywalker á eyjunni þar sem síðasta mynd endaði.

**Veistu svarið?**

Eins og allir *Star Wars*-aðdáendur vita þá var hinn ógnvekjandi Svarthöfði, eða Darth Vader, fyrrverandi jedi-riðdari og faðir Lukes Skywalker. En hvert var hið raunverulega skírnarnafn Svarthöfða?



hugkin.

**Finndu kraftinn**

Eftir að hafa tekið sín fyrstu skref í átt að því að verða jedi-riðdari stendur Rey nú andspænis enn meiri hættum og áskorunum ásamt Luke Skywalker, Leiu prinsessu (sem nú er reyndar hershöfðingi) og öðrum félögum sínum í andspyrnunni við Snooke og Kylo Ren sem eru hvergi nærri að baki dottnir í áætlanum sínum um að ná endanlegum alheimsyfírráðum.

*The Last Jedi* er eins og allir vita áttundi kafli *Star Wars*-ævintýrsins og hefst nokkurn veginn þar sem síðasta kafli, *The Force Awakens*, endaði. Leikstjóri er Rian Johnson en hann skrifaði einnig söguþráðinn og handritið og fékk nokkuð frjálsar hendur við þá sköpun. Útkoman er að mörgu leyti óvænt og framvindan inniheldur fléttur sem ekki einu sinni hördustu *Star Wars*-aðdáendur áttu von á. Af þeim sökum tíundum við atburðarásina ekki frekar hér til að skemma ekkert fyrir þeim sem eiga eftir að sjá myndina en bendum þeir sem vilja lesa söguþráðinn á t.d. Wikipediu-síðu myndarinnar.



Rey ásamt tveimur af dyggustu stuðningsmönnum sínum, stormsveitarmanninum fyrrverandi Finn og Rose Tico.

**Punktar .....**

- ★★★★★ - *New York Post* ★★★★★ - *Los Angeles Times*
- ★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *Slate* ★★★★★ - *IGN*
- ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *T. Out*
- ★★★★★ - *R. Ebert* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★1/2 - *Time*
- ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times*

- Níundi og síðasti kafli *Star Wars*-sögunnar verður frumsýndur í desember 2019 en í maí, verður þriðja hliðarsagan frumsýnd. Hún nefnist *Solo: A Star Wars Story* og segir frá ævintýrum Hans Solo áður en hann hitti Luke Skywalker í fjórða kafla sögunnar, *A New Hope*.
- Aðdáendur *Star Wars*-myndanna þurfa þó ekki að örvænta því nú hefur verið tilkynnt að von sé á nýjum þrileik í anda *Star Wars*-sögunnar, en hann mun gerast á allt öðrum stað í óráviddum alheimsins og tengist ekki þeirri atburðarás sem við þekkjum.
- Fyrir utan þá sem tilgreindir eru í kreditlistanum hér bregður nokkrum öðrum þekktum leikurum fyrir í myndinni í misstórum hlutverkum og má þar nefna þau Benicio Del Toro, Lupitu Nyong'o, Joseph Gordon-Levitt, Tom Hardy, Justin Theroux og Warwick Davis.




I am your popcorn



SKEMMTILEGA  
POPPAÐ

Síðan 1970



## A Tale of Love and Darkness

Hugsaðu þig tvisvar um

Það er óhætt að segja að Natalie Portman hafi ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur þegar hún ákvað að hennar fyrsta mynd sem leikstjóri yrði gerð eftir einni frægustu bók ísraelska metsöluhöfundarins Amozar Oz.

*A Tale of Love and Darkness* er æskusaga Amozar en hann fæddist í Jerúsalem 4. maí árið 1939 og ólst þar upp. Foreldrar hans, þau Fania og Yehuda Arieah, voru af pólsku og litháisku bergi brotin og höfðu hist þegar þau stunduðu nám í Hebreska háskólanum í Jerúsalem. Svo fór, eftir að faðir Faniu varð gjaldþrota, að þau hjón ákváðu að setjast að í borginni til framtíðar. Amoz upplifði því í æsku sinni þegar Bretar slepptu hendinni af Palestínu, stofnun Ísraelsríkis og átökin sem hófust fyrir botni Miðjarðarhafsins í kjölfarið og enn sér ekki fyrir endann á...

**Punktur** .....

★★★★ - *L.A. Times* ★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★1/2 - *Entert. Weekly* ★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★1/2 - *Empire* ★★★1/2 - *N.Y. Times*

• Natalie Portman keypti kvikmyndaréttinn að bók Amozar árið 2007 og ákvað strax að hún yrði hennar fyrsta leikstjórnarverkefni. Hún skrifaði enn fremur handritið.

• Sjálf er Natalie Portman fædd í Jerúsalem árið 1981 og má því segja að söguvið myndarinnar sé hennar eigin heimavöllur. Þess má geta að Natalie talar, rétt eins og aðalpersónur sögunnar, rithöfundurinn Amoz og foreldrar hans, mörg tungumál, þ. á m. hebresku.




Amir Tessler leikur Amoz og Natalie Portman leikur móður hans, Faniu, en hún og hennar hugarheimur er aðalviðfangsefni sögunnar.



**Aðalhlutv.:** Natalie Portman, Gilad Kahana, Amir Tessler og Moni Moshonov **Leikstj.:** Natalie Portman **Útg.:** Myndform

Sannsögulegt

13. apríl



## The von Trapp Family: A Life of Music

Hin sanna saga elstu Trapp-dótturinnar

Mynd þessi er byggð á sjálfsævisögu Agöthu von Trapp, elstu dóttur Georg von Trapp og Agöthu Whitehead, en hún var nefnd Liesl í myndinni frægu, *The Sound of Music*, sem gerð var árið 1965 og er sögulega ónákvæm.

Þótt *The Sound of Music* hafi verið byggð á bók Mariu Augustu Kutschera sem giftist George von Trapp árið 1927 og tók sér eftirnafn eiginmannsins þá er sagan í henni að mörgu leyti víðsfjarri sannleikanum nema í grunnatriðunum. Þess utan er það vitað að börn George, fósturbörn Mariu, voru ekki á eitt sátt við hennar sjónarhorn. Í sinni sögu segir Agatha frá uppvaxtarárum sínum áður en móðir hennar lést árið 1922 úr skarlatssótt og hvernig það bar til að Maria kom inn í fjölskylduna. Enn fremur lýsir hún sinni upplifun af þeim pólitísku deilum sem faðir hennar átti í við þýsku stjórnina og hvernig þær deilur urðu til þess að fjölskyldan þurfti að flýja land. Myndin þykir afar vel gerð og þeir sem vilja kynna sér hina raunverulegu sögu von Trapp-fjölskyldunnar verða ekki fyrir vonbrigðum.



Yvonne Catterfeld, Matthew Macfayden og Eliza Bennett leika þau Mariu, George og Agöthu.



**Aðalhl.:** Eliza Bennett, Matthew Macfadyen, Yvonne Catterfeld og Rosemary Harris **Leikstj.:** Ben Verbong **Útg.:** Myndform

Sannsögulegt

13. apríl



## The Commuter

Spennymynd / Hasar / Ráðgáta



**Aðalhlutverk:** Liam Neeson, Vera Farmiga, Sam Neill, Patrick Wilson, Jonathan Banks, Elizabeth McGovern, Shazad Latif og Roland Møller  
**Leikstjórn:** Jaume Collet-Serra **Útgefandi:** Myndform

19. apríl



Allt byrjar þetta þegar ókunnug kona, sem segist heita Joanna, sest hjá Michael í lestinni og býður honum að leysa dularfullt verkefni gegn 75 þúsund dollara greiðslu í beinhörðum peningum.

### Veistu svarið?

Vera Farmiga, sem fagnar þrjátíu ára leikferli sínum um þessar mundir, fæddist í Bandaríkjunum og er bandarískur ríkisborgari. Foreldrar hennar eru hins vegar af allt öðru þjóðerni og ólst Vera því upp við annað móðurmál en ensku. Hvert er það?



Ukrainska.

## Hvers konar manneskja ertu?

Michael er tryggingasölumaður sem um tíu ára skeið hefur ferðast með sömu lestinni fram og til baka úr vinnu. Dag einn sest hjá honum ókunnug kona sem býður honum 75 þúsund dollara greiðslu fyrir að leysa dularfullt verkefni sem tengist einum farþega lestarinnar – áður en hún kemur á endastöð.

Þannig hefst sagan í þessari nýjustu mynd leikstjórans Jaumes Collet-Serra sem á að baki nokkrar af þekktustu spennu- og hasarmyndum síðari ára eins og t.d. *Orphan*, *Unknown*, *Non-Stop*, *Run All Night* og *The Shallows*. Það má segja að *The Commuter* sé ekta poppkornsmynd þar sem framvindan er hröð og atburðarásin bæði spennandi og dularfull enda vita áhorfendur ekki frekar en Michael út á hvað „verkefnið“ sem hann á að leysa gengur. En um leið og hann þiggur peningana kemur í ljós að þar með er hann ekki bara orðinn skuldbundinn til að leysa verkefnið af hendi heldur hefur hann um leið lagt líf sitt og fjölskyldu sinnar að veði ...



Liam Neeson í hlutverki tryggingasöllumannsins Michaels McCauley sem lætur freistast af 75 þúsund dollara greiðslu og tekur að sér verkefni sem hann hefur þó enga hugmynd um hvernig hann á að leysa.

## Punktur .....

- ★★★★ - *Village Voice* ★★★★★1/2 - *San Francisco Chronicle*
- ★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Time* ★★★★★1/2 - *Wrap*
- ★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Guardian*
- ★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Wall Street Journal* ★★★★★ - *Empire*

• Segja má að það séu vinir og kunningjar sem leggja til krafta sína við gerð *The Commuter* því fyrir utan Liam Neeson, sem leikur hér í fjórða sinn aðalhlutverk í mynd eftir Jaume Collet-Serra, og Vera Farmigu, sem lék aðalhlutverkið í mynd hans *Orphan*, þekkjast þau Vera og Patrick Wilson auðvitað vel eftir að hafa leikið Warrenhjólin í *Conjuring*-myndunum og þeir Liam Neeson og Patrick Wilson léku saman í *The A-Team*. Liam og Elizabeth McGovern, sem leikur eiginkonu hans í *The Commuter*, léku svo saman í *Clash of the Titans*. Við þetta má bæta að flestir sem sinna tæknilegri vinnslu myndarinnar hafa oft unnið með Jaume Collet-Serra áður og má því ætla að ríkt hafi hálfgerð fjölskyldustemming við gerð hennar.



Liam Neeson og leikstjórninn Jaume Collet-Serra



## Roman J. Israel, Esq.

Réttlætið er ekki ókeypis

Roman J. Israel er lögfræðingur á sextugsaldri sem segja má að hafi fórnað öllu fyrir starf sitt og þá hugsjón sína að bæta réttarkerfið með nýjum lögum sem hann hefur skrifað sjálfur. En hver hefur áhuga á að hlusta á hann?

Hér er á ferðinni afar góð saga sem hreyfir verulega við áhorfendum enda er Roman J. Israel enginn venjulegur maður sem leggur árar í bát þótt á móti blási. Hann verður hins vegar fyrir því áfalli að missa vinnuna þegar eigandi lögfræðistofunnar sem hann vinnur hjá fær hjartaáfall. Það sem Roman tekur til bragðs til að bjarga sínum málum kemur verulega á óvart, svo og afleiðingarnar ...

**Punktur** .....

★★★★ - *Guardian* ★★★1/2 - *Washington Post* ★★★1/2 - *Entert. Weekly* ★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★ - *Empire*

- Roman J. Israel, Esq. er önnur mynd Dans Gilroy sem leikstjóra en sú fyrri var hin frábæra mynd *Nightcrawler* sem aflaði honum m.a. tilnefninga til bæði Golden Globe- og Óskarsverðlauna fyrir handritið.

- Í myndinni er Roman J. Israel með skarð milli framtannanna. Í raun og veru er Denzel með svona skarð en hann lét hylja það á sínum yngri árum. Fyrir gerð myndarinnar lét hann því einfaldlega fjarlægja þá yfirhalingu og birtist nú í fyrsta sinn í bíómynd með sitt upprunalega tannskarð!



Denzel Washington er að venju frábær í hlutverki sínu enda var hann tilnefndur til bæði Golden Globe- og Óskarsverðlauna fyrir það.



**Aðalhl.:** Denzel Washington, Colin Farrell, Carmen Ejogo og Amanda Warren **Leikstjórn:** Dan Gilroy **Útgafandi:** Sena

Glæpadrama

19. apríl



**Aðalhlutv.:** Emily Browning, Adam Horovitz, Mary-Louise Parker og Chloë Sevigny **Leikstj.:** Alex Perry **Útg.:** Sena

Drama

19. apríl

## Golden Exits

Þegar fjaðrirnar verða að hænum

Naomi er ung áströlsk kona sem komin er til New York til að vinna tíma-bundið fyrir bókasafnsfræðing sem tekið hefur að sér að koma skikki á ótal skjöl úr dánarbúi tengdaföður síns. En Naomi á eftir að gera miklu meira!

*Golden Exits* er eftir Alex Ross Perry sem gerði m.a. verðlaunamyndirnar *Listen Up Philip* og *Queen of Earth* og er af mörgum talinn einn af bestu sjálfstæðu leikstjórum Bandaríkjanna. Myndir hans ganga þvert á allar hefðir í sagnaflutningi því hann leggur fyrst og fremst áherslu á persónusköpun og lætur þessum persónum það eftir að skapa söguna með orðum sínum og athöfnum. Þetta þykir honum hafa tekist að gera alveg frábærlega í þessari mynd í samvinnu við einvalið leikara sem þykja hver og einn fara á kostum í hlutverkum sínum ...

**Punktur** .....

★★★★★ - *Village Voice* ★★★★★ - *Slant Magaz.* ★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *Hollyw. Reporter* ★★★★★ - *Variety*

- *Golden Exits* var tilnefnd til dómnefndarverðlaunanna á Sundance-kvikmyndahátíðinni í flokki dramamynda

- Fyrir utan þau fjögur sem tilgreind eru í kreditlistanum hér til vinstri leika þau Jason Schwartzman, Lily Rabe og Analeigh Tipton veigamikil hlutverk í myndinni.

- Myndin var tekin upp í svo að segja réttir tímaröð á fimmtán dögum í Brooklyn þar sem leikstjórinn býr ásamt nokkrum af aðal-leikurunum. Chloë Sevigny grínaðist með það í viðtölum að þetta hefði verið í fyrsta sinn í mörg ár sem hún gat gengið í vinnuna.



Emily Browning leikur Naomi sem ruggar bátinum í heimsókn sinni.



## Demain tout commence

Vegir lífsins eru órannsakanlegir!

Samuel, sem hefur verið upptekinn af hinu ljúfa lífi á suðurströnd Frakklands, vaknar upp við vondan draum þegar hann uppgötvar að hann er orðinn faðir og þarf skyndilega að hugsa um einhvern annan en sjálfan sig.

Þeir sem vilja sjá skemmtilegar gamanmyndir ættu ekki að láta þessa perlu fram hjá sér fara en hún skartar í aðalhlutverki Omari Sy sem sló svo eftirminnilega í gegn í *Intouchables* hér um árið. Hér leikur hann glaumgosann Samuel sem þarf heldur betur að snúa við blaðinu þegar barnsmóðir hans (Samuel hafði reyndar enga hugmynd um að kynni þeirra hefðu getið af sér barn) birtist skyndilega, skilur barnið eftir í hans höndum og stingur af. Og hvað gera nýbakaðir feður þá?

**Punktur** .....

• Myndin er endurgerð á myndinni *No se aceptan devoluciones* sem sló öll aðsóknarmet í Mexíkó árið 2013 og er tekjuhæsta mexíkóska mynd allra tíma.




Omar Sy þykir sýna stórleik í þessari stórskemmtilegu gamanmynd og hin unga Gloria Colston gefur honum lítið eftir í hlutverki dóttur hans.



**Aðalhl.:** Omar Sy, Clémence Poésy, Gloria Colston og Antoine Bertrand **Leikstj.:** Hugo Gélin **Útg.:** Myndform

Gamanmynd

20. apríl




## Símon

Átta þættir um fjallhressa kanínustrákinn Símon

Teiknimyndþættirnir um Símon eru byggðir á metsölubókum Stephanie Blake sem hafa verið þýddar á yfir 20 tungumál og hafa þessir þættir notið mikilla vinsælda á sjónvarpsstöðvum víða um heim, þ. á m. á RÚV.

Símon er eldhress kanínustrákur sem lætur sér fátt óviðkomandi og er óhræddur við að prófa og læra eitthvað nýtt. Um leið á hann það til að gera mistök en þótt hann sé svona lítill er hann með stórt hjarta og er ávallt fljótur að sjá muninn á röngu og réttu.



Teiknimyndir um Símon kanínustrák og uppátæki hans á hverjum degi **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

20. apríl



**Ferdinand**  
Teiknimynd



**Íslensk talsetning:** Hjörtur Jóhann Jónsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Sigurður Þór Óskarsson, Jón Stefán Kristjánsson, Orri Huginn Ágústsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Ævar Þór Benediktsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason o.fl. **Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

26. apríl



**Góða nautið Ferdinand**

Teiknimyndin um stóra, sterka en góðhjartaða nautið Ferdinand er frá þeim sömu og gerðu *Ísaldar-* og *Rio*-myndirnar og er byggð á þekktustu sögu rithöfundarins Munros Leaf sem gaf hana út árið 1936 með teikningum eftir Robert Lawson.

Allt frá því að nautið Ferdinand var kálfur hefur hann verið ólíkur öðrum nautum. Á meðan aðrir kálfar vildu helst stangast á og létu sig dreyma um að komast í nautaatshringinn í Madrid hafði Ferdinand mun meiri áhuga á að njóta náttúrunnar, blómanna og litanna sem umhverfi hans býður upp á, auk þess sem hann getur ekki hugsað sér að gera flugu mein. En örlögin haga því samt svo að Ferdinand er fyrir misskilning sendur til Madridar til að berjast og verður með aðstoð nokkurra félaga sinna að losa sig úr ánauðinni og finna leiðina heim áður en það er orðið of seint ...



Ferdinand kemur á VOD-leigurnar 26. apríl og er kjörin fjölskyldu-skemmtun, ljúf, fyndin, leiftrandi fjörug og hæfilega spennandi.

**Punktar** .....

• *Ferdinand* verður gefin út á VOD með íslensku og ensku talsetningunni, en á meðal þeirra sem tala fyrir persónurnar á ensku eru þau John Cena, Kate McKinnon, Bobby Cannavale, Peyton Manning, David Tennant, Gabriel Iglesias og Gina Rodriguez.







## Pitch Perfect 3

Gamanmynd / Tónlist



**Aðalhlutverk:** Anna Kendrick, Hailee Steinfeld, Rebel Wilson, Ruby Rose, Elizabeth Banks, Brittany Snow, Anna Camp, John Michael Higgins og Alexis Knapp **Leikstjórn:** Trish Sie **Útgefandi:** Myndform

26. apríl



Að sjálfsgöðu fylgjast þau John og Gail með öllu sem gerist en þau eru sem fyrr leikin af John M. Higgins og Elizabeth Banks.

### Veistu svarið?

Ein af þeim sem snúa hér til baka er leikkonan Hailee Steinfeld sem var tilnefnd í fyrra til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn í *The Edge of Seventeen* og á það afrek að baki að hafa verið tilnefnd til Óskars-verðlauna fyrir sína fyrstu mynd. Hvaða mynd?



True Girl

## Hinn eini sanni samhljómur

Eftir að hafa útskrifast hafa skólasysturnar og vinkonurnar sem skipuðu sönghópin Bellurnar tvístrast og reyna nú að standa sig hver í sínu lagi á hinum almenna vinnumarkaði. Þær sakna þó allar gamla tímans og þegar þær fá óvænt tækifæri til að taka þátt í söngkeppni á Spáni slá þær til.

Bíómyndin *Pitch Perfect* sló óvænt í gegn árið 2012, enda laufléttur og ærslafullur farsími sem gekk fullkomlega upp í bland við frábær söngatriði og tónlist sem naut mikilla vinsælda. Það kom því engum á óvart að mynd númer tvö yrði gerð árið 2015 og svo fór að hún varð enn vinsælli en sú fyrsta. Þegar það var orðið ljóst var ákveðið að slá til í þriðju myndina sem nú kemur út á DVD og VOD 26. apríl.

Sagan hefst eftir að elstu Bellurnar hafa lokið námi og eru komnar í ýmis og fjölbreytt störf út um hvippinn og hvappinn. Þær eru misánægðar með það og sakna hver annarrar og að sjálfsgöðu lífsins með sönghópnum en með honum unnu þær m.a. það afrek að verða heimsmeistarar í söng og sviðsframkomu án hljóðfæra.

Dag einn fá þær tækifæri til að hittast á ný og það er ekki að sökum að spyrja að ein þeirra hefur komist á snóðir um söngkeppni á Spáni sem þeim býðst að taka þátt í. Það þarf ekki að nefna þetta tvisvar og áður en varir er hópurinn kominn til Spánar þar sem þeirra bíður erfðasta keppnin til þessa því í þetta sinn er sönghópnum sem keppa leyft að koma með hljóðfæri og nota þau á sviðinu ...



Amy reynir hér að hugga Becu sem leiðist svo í hversdagsvinnunni að hún ákveður að segja upp og láta sér frekar leiðast heima í staðinn.

## Punktur .....

★★★★ - *Guardian* ★★1/2 - *N.Y. Post* ★★1/2 - *Variety*  
★★★1/2 - *Entertainment Weekly* ★★★★★ - *Chicago Tribune*

• Flestar leikkonurnar úr fyrrri myndunum mæta til leiks á ný í þessari og eins og í mynd tvö eru nýir sönghópar kynntir til sögunnar sem óhætt er að segja að séu hver öðrum betri, enda var lögð áhersla á að gera sviðs- og söngatriðin í *Pitch Perfect 3* þau bestu hingað til.





## 12 Strong

Sannsögulegt / Stríðsmynd



**Aðalhlutverk:** Chris Hemsworth, Michael Shannon, William Fichtner, Michael Peña, Taylor Sheridan, Elsa Pataky, Geoff Stults, Rob Riggle, Trevante Rhodes og Fahim Fazli **Leikstjórn:** Nicolai Fuglsig  
**Útgefandi:** Myndform

26. apríl



### Veistu svarið?

Chris Hemsworth, sem er auðvitað þekktastur fyrir að leika þrumuguðinn Þór, hefur einu sinni áður leikið í stríðsmynd þar sem hann fór fyrir hópi ungs fólks sem barðist við innrásarher frá Norður-Kóreu. Hvaða mynd erum við að tala um?



Red Dawn

## Peir ruddu brautina

Sönn saga tólf manna bandarískrar hersveitar sem send var til Afganistan strax eftir árásina á tvíburaturnana í New York 11. september 2001 til að ganga í lið með Afgönnum sem börðust um völdin við sveitir talíbana í afskekktu fjalllendi landsins.

Kvikmyndin *12 Strong* eftir leikstjórnann Nicolai Fuglsig er framleidd af Jerry Bruckheimer og byggð á bók bandaríska blaðamannsins og rithöfundarins Dougs Stanton, *Horse Soldiers*, sem kom út árið 2009 og sat á metsölulista New York Times um margra vikna skeið.

Hér er sögð sönn saga fyrstu hermanna sveitarinnar sem send var til Afganistan eftir árásina á tvíburaturnana í New York 11. september 2001 en hún var aðeins skipuð tólf mönnum og fólst verkefni hennar í að aðstoða afganska sveit, undir stjórn herforingjans Abduls Rashid Dostum, í baráttunni við talíbana í norðanverðu landinu. Ljóst var frá upphafi að þessi fór yrði hættulegri en flestar aðrar enda voru talíbanarnir bæði fjölmennari en sveitir Abduls og, ólíkt bandarísku sveitinni, á heimavelli í hrjóstrugu fjallendinu ...



Hermennirnir tólf tilheyrðu svokallaðri grænhúfusveit bandaríska hersins og fóru í átökin sem sjálfboðaliðar enda lá nokkuð ljóst fyrir að líkurnar á því að þeir myndu lifa af voru óvenju litlar.

## Punktar .....

★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter*

★★★★1/2 - *TheWrap* ★★★★★1/2 - *New York Daily News*


★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *R. Stone*

• Segja má að *12 Strong* fjalli um ekki ólíka hetjudáð og hin þræl-góða mynd *Black Hawk Down* gerði þar sem barist var við nánast vonlausar aðstæður, en þessar myndir eiga það líka sameiginlegt að vera framleiddar af Jerry Bruckheimer.

• Sú sem leikur eiginkonu persónunnar sem Chris Hemsworth leikur í *12 Strong*, Elsa Pataky, er eiginkona Chris í raun og er þetta í fyrsta sinn sem þau hjónin leika hvort á móti öðru í bíómynd.



Eitt það óvenjulegasta við baráttu bandarísku sveitarinnar við talíbanana var að þeir notuðu hesta til að nálgast óvini sína.



**Aðalhl.:** Holly Hunter, Tony Shalhoub, Alfred Molina og Cristin Milioti **Leikstj.:** Andrew Wagner **Útgef.:** Sena

**Gamandrama**

**26. apríl**

## Breakable You

Allar fjölskyldur eiga sér sögu

Sálfræðingurinn Eleanor Weller er ósátt við skilnað sinn og eiginmannsins, rithöfundarins Adams Weller sem sjálfur glímir við alvarlega krísu í sínu lífi. En þegar Eleanor og bróðir Adams, Paul, byrja saman versnar í því fyrir alla.

*Breakable You* er gerð eftir samnefndri skáldsögu Brians Morton sem kom út árið 2006. Þetta er gamandrama með rómantísku ívafi svo langt sem það nær því vandræðalegri verður rómantíkin varla en í þessu tilfalli. Inn í málin blandast dóttir þeirra Eleanor og Adams, Maud, en hún er í heimspekinámi og er að skrifa ritgerð um atferli manna, sér í lagi það sem ekki þykir siðlegt. Sjálf er hún ekki nein fyrirmynd í þeim efnum. Þegar síðan Adam fær tækifæri til að eigna sér verk látins vinar og grípur það sjálfum sér til frægðar og framdráttar er botninum náð innan þessarar litlu fjölskyldu og eitthvað verður undan að láta ...



Holly Hunter og Tony Shalhoub leika hjónin fyrrverandi Eleanor og Adam Weller.

## Ice Girls

Ævintýri á ís

Mattie er ung og efnileg skautastúlka sem er nálægt því að fá skólastyrk vegna hæfileika sinna þegar slys á skautasvellinu leiðir til þess að hún neyðist til að draga sig út úr mótinu sem hún þurfti nauðsynlega að keppa á til að fá styrkinn. Á hún möguleika á að ná aftur fyrri stöðu?

*Ice Girls* er íprótta- og fjölskyldumynd með gamansömu ívafi og skartar í aðalhlutverkum tveimur skautadrottningum, þeim Michaelu du Toit og Taylor Hunsley, auk þeirra Natöshu Henstridge, Löru Daans og Elvis Stojko sem er þrefaldur heimsmeistari og tvöfaldur Ólympíumeistari í listdansi.

Þegar Mattie slasast leiðir það ekki bara til þess að hún missir af skólastyrknum heldur neyðist hún til að flytja ásamt móður sinni til heimabæjar síns á ný þar sem segja má að þær þurfi báðar að byrja upp á nýtt. En kannski, þegar upp verður staðið, var þetta í raun það besta sem gat komið fyrir þær mæðgur ...



**Aðalhl.:** Michaela du Toit, Lara Daans, Natasha Henstridge og Taylor Hunsley **Leikstj.:** Damian Lee **Útgefandi:** Sena

**Fjölskyldumynd**

**26. apríl**



Skautadrottningarnar Michaela du Toit og Taylor Hunsley í einu atriði myndarinnar en hún inniheldur að sjálfsögðu mörg flott skautaatriði.



## The Rider

Sumum draumum getur maður ekki gleymt

**Framtíð og draumar Bradys Blackburn breytast algjörlega þegar hann fellur af baki í keppni og bæði höfuðkúpubrotnar og skaddast á heila. Eftir að hann kemst á fætur er honum ráðlagt að leggja þátttöku í keppnum á hilluna því að næsta fall gæti orðið hans bani. En Brady sættir sig ekki við það.**

*The Rider* er einstök kvikmynd sem er eins sönn og saga getur orðið því leikararnir í henni leika allir sjálfa sig og endurskapa um leið viðfangsefni myndarinnar, þ.e. slysið sem Brady lenti í og hvernig hann og fjölskylda hans tók á málunum. Útkoman er einhver áhrifamesta kvikmynd ársins 2017, mynd sem allir ættu að sjá.

**Punktur** .....

★★★★★ - *Playlist* ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *Hollyw. Reporter*  
★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Screen International*

- *The Rider* hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar og var tilnefnd til óháðu Spirit-verðlaunanna sem ein af fimm bestu sjálfstæðu myndum ársins 2017 auk þess sem hún var tilnefnd fyrir einstaka leikstjórn Chloé Zhao, klippingu og kvikmyndatöku.



*The Rider* á erindi við alla sem unna góðri kvikmyndagerð, ekki síst þá sem teljast til dýra- og náttúruvina.


- Myndin var sýnd á Alþjóðlegu kvikmynda hátíðinni í Reykjavík, RIFF, síðastliðið haust og hlaut Gullna lundann sem besta mynd hátíðarinnar. Werner Herzog, sem var heiðursgestur hátíðarinnar, sagði eftirfarandi um hana: „Einmitt þegar maður fer að halda að kvikmyndagerð sé að staðna kemur mynd á borð við þessa eins og þruma úr heiðskíru lofti. Það er mjög hvetjandi.“



**Aðalhl.:** Brady Jandreau, Tim Jandreau, Lilly Jandreau og Cat Clifford **Leikstjórn:** Chloé Zhao **Útgefandi:** Myndform

Sönn saga

27. apríl



## Mói

Komdu með í ferðalög um heiminn

**Þættirnir um Móa björn, sem elskar að ferðast um heiminn á hjólinu sínu ásamt besta vini sínum og heimsækja sögufræga staði, hafa verið sýndir að undanförunu á RÚV. Nú koma þeir einnig út á VOD-leigunum og hér eru þættir 9 til 16 í seríunni.**



Teiknimyndirnar um Móa og ferðalög hans eru byggðar á bók franska barnabókahöfundarins Marcs Boutavant, *Umhverfis jörðina með Móa* sem kom út árið 2009 og hefur allar götur síðan notið vinsælda. Efníð er fyrir börn á leikskólaaldri sem fylgja forvitna birninum Móa á ferðalögum um heiminn og læra um sögufræga staði, lönd og borgir, og alls konar hluti sem varða ekki hvað síst menningu og mismunandi siði landa og þjóða. Hver þáttur er 11 mínútur að lengd.



**Teiknimyndir** með íslensku tali um Móa og félagi **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

27. apríl



## Father Figures

Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** Owen Wilson, Ed Helms, Glenn Close, J.K. Simmons, Ving Rhames, Christopher Walken, Terry Bradshaw og Katt Williams  
**Leikstjórn:** Lawrence Sher **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

**30. apríl**



J.K. Simmons leikur hinn skapmikla Ronald sem gæti verið faðirinn.

### Veistu svarið?

Ed Helms var búinn að vera nokkur ár í bransanum þegar segja má að hann hafi slegið í gegn á tvennum vígstöðvum í einu, annars vegar í Hangovermyndunum og hins vegar sem Andy Bernard í þekktum sjónvarpsþáttum. Hvaða þáttum?



The Office.

## Leitin að pabba

Tvíburarnir Kyle og Peter eru í brúðkaupi móður sinnar þegar hún ljóstrar því loksins upp að hún hefur alla tíð logið því að þeim að faðir þeirra sé dáinn. Í raun hefur hún ekki hugmynd um hver hann var og að hann gæti þess vegna enn verið á lífi.

Gamanmyndin *Father Figures* skartar í aðalhlutverkum tveimur af skemmtilegustu gamanleikurum Bandaríkjanna, Owen Wilson og Ed Helms, ásamt Glenn Close, J.K. Simmons, Ving Rhames og fót-boltastjörnunni fyrrverandi en sívinsælu, Terry Bradshaw.

Þegar þeir Kyle og Peter átta sig á því að faðir þeirra gæti enn verið á lífi kemur ekkert annað til greina en að halda í leiðangur og finna hann. Með gamla ljósmynd af móður þeirra í farteskinu og óljósa staðsetningu hennar þegar þeir komu undir leggja þeir í hann en komast brátt að því að leitin er mun flóknari en þeir voru að vona ...



Þegar tvíburarnir Kyle og Peter komast að því að faðir þeirra er kannski enn á lífi leggja þeir í leiðangur til að finna hann.

## Punktur .....

- Terry Bradshaw, sem leikur sjálfan sig í *Father Figures*, er fyrrverandi fyrirlíði Pittsburgh Steelers í bandaríska fótboltnum og var á há-tindi ferils síns á áttunda áratug síðustu aldar þegar Steelers urðu fjórum sinnum Bandaríkjameistarar á sex árum. Terry lagði hjálminn á hilluna árið 1983 og hefur síðan verið lykilmáður í lýsingum bandarísku sjónvarpsstöðvanna á bandaríska fótboltnum og vinsæll álitsgjafi, enda fjallhress og skemmtilegur náungi.

- Þetta er fyrsta mynd kvikmyndatökustjórans Lawrence Sher sem leikstjóra en handritshöfundur er Justin Malen sem skrifaði m.a. einnig handrit gamanmyndarinnar *Office Party*.




Terry Bradshaw leikur sjálfan sig í myndinni, en hann man vel eftir móður bræðranna og getur kannski komið þeim á sporið.



# Toppmyndir



Komnar út og fáanlegar á sjónvarpsleigunum



### Thor: Ragnarök

Aðdáendur *Avengers*-myndanna og ofurhetjumynda yfirleitt eru flestir sammála um að *Thor: Ragnarök* sé ein myndasta ofurhetjumyndin hingað til þótt auðvitað sé enginn afsláttur gefinn af hasarum og viðburðaríki sögu. Hér lendir þór og nokkrir félagar hans í heljarinnar átökum þar sem örlog Ásgarðs eru undir.

Ævintýri/ofurhetjur



### Daddy's Home 2

Jólin eru á næsta leið og þeir Dusty og Brad hafa náð sáttum, auk þess sem Dusty er í raun kominn í stöðu Brads eftir að hafa kvænt Karen sem á dóttur með fyrrverandi eiginmanni sínum, Roger. Nú hlakka þeir bjartsýnir til jóllanna en það breytist snarlega þegar feður þeirra koma í heimsókn og Roger snýr aftur heim!

Gamanmynd



### Wonder

*Wonder* er byggð á verðlaunasoðu R. J. Palacio og segir frá hinum 10 ára Auggie sem vegna Treacher Collins-heilkennisins er afmyndaður í andliti og hefur þess vegna alist upp í verndaðri umhverfi en flestir gera. Nú er hins vegar komið að því að hann fari í bekk í venjulegum skóla. Toppleskar í sérstaklega vandaðri mynd.

Drama/fjölskyldumynd



### I, Tonya

Kvikmyndin *I, Tonya*, sem án vafa er ein besta mynd ársins 2017, sýnt að stórum hluta um þann fræga atburð þegar ráðist var á bandarísku listskautadrottninguna Nancy Kerrigan í ársbyrjun 1994 og tilraun gerð til að fótbrjóta hana. En á bak við það mál voru aðrir málavextir sem fjölmörg fjölluðu ekki um.

Sannsögulegt



### Murder on the Orient Express

Hercule Poirot er á leið til Vestur-Evrópu með Austurlandahraðlestinni ásamt fleiri farþegum. Nótt eina er einn þeirra myrtur í svefni og þar sem lestin er tept vegna snjóskiðu fær Hercule tíma til að raða saman sönnunargögnunum áður en lögreglan kemur um borð. Ein besta Agóthu Christie-morðgátan.

Morðgáta



### Geostorm

*Geostorm* gerist í náinni framtíð þegar menn hafa smíðað risastórt net gervihnatta og geta með þeim stjórnað veðrinu. Þegar kerfið bilar kemur það í hlut sveitar Jakes Lawson að finna orsökina. En Jake kemst fljótlega að því að „bilunin“ er engin bilun heldur upphafið að mannskæði hryðjuverkaárás.

Vísindaskáldsaga/hasar



### Litla vampírán

Anton er þrettán ára gamall strákur sem myndi gefa mikið fyrir að hitta eins og eina vampíru. Honum verður að ósk sinni þegar hann vingast við jafnaldrá sinn Runólf, en hann er vampíra sem býr í gömlum kirkjugarði. En hættu stöðjar að þegar hinn ógnvekjandi vampírubani Rökkfínnur mætir á svæðið!

Teiknimynd



### Paris Can Wait

Létt og skemmtileg rómantísk gamanmynd um eigin konu bandarísks viðskiptamanns sem eftir viðskiptafund í Nice ákveður að fara landleiðina til Parísar í boði viðskiptafélaga eiginmannsins í stað þess að fljúga. Þetta reynt ákvörðun sem hún mun aldrei sjá eftir svo lengi sem hún lifir.

Gaman/rómantík



### Blade Runner 2049

*Blade Runner 2049* er sjálfstætt framhald myndarinnar *Blade Runner* frá árinu 1982 og gerist 30 árum síðar þegar menn hafa fullkomnað þá tækni að framleiða nákvæm eftirlitlingar af fökki til að sjá um hættulegustu störfin um líftími þeirra er á enda. En hvað gerist ef eftirlitling fær sjálfstæðan lífsvilja?

Vísindaskáldsaga



### Undir trénu

*Undir trénu* er kolsvört kómedía með þrillerívaði en hér segir frá hjónunum Ingu og Baldvini sem lenda í stígvaxandi deilum við nágranna sína vegna trés á lóð þeirra fyrrnefndu sem er farit að skuggja á lóð og sólpall þeirra síðarnefndu. Hvað er það versta sem getur gerst þegar svona mál koma upp?

Gamandrama



### My Little Pony: Bíómyndin

Lífð í höfuðborg smáhestanna einkennist af gleði, söng, ævintýrum og orjúfanlegum vinaböndum. En þegar hin valda-gráðuga og vonda Tempest Shadow ákveður að taka völdin ásamt ofrýnilegum þjónum sínum neyðast smáhestarnir undir forystu prinsessunnar Góðu, Skystar, til að grípa til sinna ráða.

Teiknimynd



### The Foreigner

Eftir að yngsta dóttir veitingastaðareigandans Quangs lætur lífið í sprengjuárás IRA í London leitir hann til hvernig sjónustunnar til að fá uppgjöf heyrir þógunaradur um verknáðinn, enda ákveðinn í að ganga á milli bóls og höfuðs á þeim sjálfur. Hörkugóð mynd með Jackie Chan og Pierce Brosnan í aðalhlutverkum.

Spennumynd/hasar



### The LEGO Ninjago Movie

Langt, langt í burtu er eyjan og borgin Ninjago. Þar búa þau Lloyd, Jay, Kai, Cole, Zane og Nya sem á daginn þurfa að glíma við skólann, skólalíf og öll hin hversdagsmálin en á kvöldin við alls konar skrimslu og óvætti sem herja á Ninjago auk hins valdagráðuga og illa Lords Garmadon – sem er faðir Lloyds.

Kubbamynd



### American Made

Oft er sagt að sannleikurinn geti verið ótrúlegri en skáldskapur og það sannast í myndinni *American Made* sem segir kostulega sögu flugmannsins, eiturlyfjamyglarans og CIA-uppljóstrans Barrys Seal sem Tom Cruise þykir leika af snilld, en hann átti eftir að skekja bandaríska stjórnkerfið hressilega innan frá!

Sannsögulegt



### Paddington 2

Önnur bíómyndin um góðhartaða, ljúfa en dálítið óheppna bangsans Paddington er snilldarverk eins og fyrri myndin og um leið alveg dásamleg skemmtun fyrir fólk á öllum aldri. Hér lendir hann í mikilli klemmu þegar óþrúttinn þjófur stelar flægætri bók sem hann ætlaði að kaupa handa frænku sinni í afmælisgjöf.

Fjölskyldumynd



### The Snowman

Þegar rannsóknarlögreglu maðurinn Harry Hole fær til rannsóknar hvarf ungar móður kemst hann fljótlega að því að málið tengist eldri morðmáli þar sem ungar mæður voru myrtar í vetrarbyrjun – um það leyti sem fyrsti snjórin féll. *The Snowman* er byggð á víðfrægni sakamálasögu eftir Jo Nesbø.

Sakamáli/ráðgáta



### Goodbye Christopher Robin

Einstaklega góð, vel leikin og áhrifarík mynd um breska rithöfundinn Alan Alexander Milne, eigin konu hans, Daphne, og son þeirra, Christopher Robin, en það var einmitt hann og bangsinn hans sem varð Alexander inblásturinn að bókunum um Bangs-ímon og vin hans, Christopher Robin.

Sannsögulegt



### Kingsman: The Golden Circle

Eftir að höfuðstöðvar Kingsman-leyniþjónustunnar í Bretlandi eru sprengdar í tætlur leita þeir Gary „Eggsy“ Unwin og Merlin til bandarísku Statesman-leyniþjónustunnar til að fá aðstoð starfsmanna hennar í baráttunni við hættulegasta óvin mannkyns til þessa, glæpasamtökin Gullna hringinn.

Grinhasar



### Emoji-myndin

Broskallinn Gene býr ásamt aragrúa alls kyns tákna í Emoji-borg á milli appanna í símanum. Gene er svokallað „mehtákn“ en hefur líta stjórn á svipbrigðum sínum og hin tákni í borginni eru hrædd um að síminn verði straujaður komist eigandinn að vandamálinu. Hvað getur Gene gert í málinu?

Teiknimynd



### Trumbo

Dalton Trumbo var einn af hæfileikaríkustu handritshöfundunum í Hollywood um miðja síðustu öld og náði því að verða hæst launaði handritshöfundur í heimi. Það er Bryan Cranston sem leikur Trumbo en hann var tilnefndur fjölda verðlauna fyrir það, þ. á m. til BAFTA-, Golden Globe og Óskarsverðlauna.

Sannsögulegt



### Marshall

Frábær mynd um Thurgood Marshall sem árið 1967 varð fyrsti maðurinn af afrikum uppruna sem skipaður var hæstaréttardómari í Bandaríkjunum. Áður en það gerðist hafði hann skapað sér nafn sem einn besti mannréttindalögmaður landsins og í þessari mynd er fjallað um eitt af fyrstu málum hans.

Sannsögulegt






**Ómótstæðilega gott...**

## Yakuza 6: The Song of Life

Í þessum nýjasta *Yakuza*-leik fara leikmenn í hlutverk Kiryu sem er nýsloppinn úr fangelsi eftir að hafa afplánað þriggja ára dóm. Stuttu eftir að hann sleppur út kemst hann að því að dóttir hans er týnd og þarf hann að svífast einkis til að finna hana aftur. Leikurinn er fjölbreyttur og samanstendur af hasaratriðum, slagsmálum, hellingi af mini-leikjum og mörgu fleiru.



**Tegund:** Hasarleikur  
**Kemur út á:** PS4  
**PEGI aldurstakmark:** 16+  
**Útgáfudagur:** 17. apríl  
**Framleiðandi:** Sega  
**Útgefandi:** Sena



Liev Schreiber var mættur á forsyningu nýjstu myndar Wes Anderson, *Isle of Dogs*, í New York 21. mars. Hann tók auðvitað voff-ann sinn með og fær þarna koss að launum.



Jessica Biel var á röltinu í New York 22. mars á meðan eiginmaðurinn, Justin Timberlake, var að búa sig undir tónleika í Madison Square sem er hluti af *Man of the Woods*-tónleikaferð hans.



Á sama tíma voru hjónin Ryan Reynolds og Blake Lively stödd í Guggenheim-safninu í New York þar sem þau sóttu fjárflyunarsýningu á myndinni *Final Portrait* eftir Stanley Tucci.





## God of War

**Það er komið að nýju upphafi fyrir Kratos í God of War á PlayStation 4.**

Leikurinn er gerður af Santa Monica Studios og er Cory Barlog við stjórnvölinn. Hinn vöðvastælti og sterki Kratos þarf að þessu sinni að ferðast á áður óþekktar slóðir þar sem fjölmargar óvæntar uppákomur bíða hans og fær um leið annað tækifæri til að standa sig sem faðir. Í leiknum *God of War* fylgjumst við með Kratos og syni hans Atreus þar sem þeir fara um og kanna villilendur norrænnar goðafræði og ganga frá flestum sem á vegi þeirra verða.



**Tegund:** Hasarleikur

**Kemur út á:** PS4

**PEGI aldurstakmark:** 18+

**Útgáfudagur:** 20. apríl

**Framleiðandi:** Sony Interactive Entert.

**Útgefandi:** Sena

### Leikurinn inniheldur:

- **Nýtt upphaf:** Eftir að hafa sigrað guðina á Ólympusfjalli fer Kratos á fund við guði norrænnar goðafræði og þeirra skrímsla og óvina sem þar eru á meðal.
- **Ný tækifæri:** Kratos fær annað tækifæri til að sanna sig sem faðir, en í leiknum er sonur hans Atreus með honum í för.
- **Nýtt bardagakerfi:** Í leiknum komast leikmenn nær hasarum en áður og hafa meiri möguleika á að berja á óvininum. Auk þess verður Kratos með ný og öflug vopn að velja úr og meiri hæfileika til að láta til sín taka.

